

Brot úr sögu bankans

- 1961 Seðlabanki Íslands var formlega stofnaður 29. mars. Starfsemi hefst 7. apríl. Bankanum veittur réttur til útgáfu seðla.
- 1962 Bankinn fær skýra heimild til að taka erlend lán fyrir ríkið.
- 1967 Bankinn fær einkarétt til að slá og gefa út mynt (hafði áður rétt til seðlaútgáfu).
- 1968 Lög um gjaldmiðil Íslands (gjaldmiðilslög). Seðlabankanum falin útgáfa myntar.
- 1974 Hagtölur mánaðarins fyrst gefnar út.
- 1976 Vaxtaaukafyrirkomulagi komið á.
- 1977 Starfsmenn fá lögvarinn samningsrétt.
- 1979 Svokölluð Ólafslög sett og verðtrygging fjárskuldbindinga tekin upp með viðmiðun við lánskjaravísitölu.
- 1981 Gjaldmiðilsbreyting - verðgildi krónunnar hundraðfaldað.
- 1985 Verðbréfaþing Íslands stofnað að tilstuðlan Seðlabankans
- 1986 Ný lög um Seðlabankann - vaxtafrelsi staðfest.
- 1987 Seðlabanki Íslands flyst í eigið húsnæði við Arnarhól.
- 1989 Gengi krónunnar fest - þjóðarsátt.
- 1992 Samningur um að fjármögnun ríkissjóðs fari ekki fram í gegnum Seðlabankann tekur gildi.
- 1993 Gjaldeyrismarkaður stofnaður og vikiörk gengis leyfð $\pm 2,25\%$.
- 1994 Frelsi í gjaldeyrisviðskiptum leitt í lög.
- 1995 Vikmörk gengis vikuð í $\pm 6\%$.
- 1998 Umfangsmiklar breytingar á stjórnækjum bankans.
- 1999 Bankaæftirlitið flyst frá Seðlabanka Íslands og sameinast Vátryggingaæftirlitinu í nýrri stofnun, Fjármálaæftirlitinu.
- 1999 Ritið Peningamál kemur fyrst út og útgáfu Hagtalna mánaðarins hætt.
- 2000 Vikmörk gengis vikuð í $\pm 9\%$.
- 2001 Verðbólguarkmið, $2\frac{1}{2}\%$, tekið upp og vikiörk gengis afnumin.
- 2001 Ný lög um Seðlabanka Íslands samþykkt. Sjálfstæði bankans lögfest.
- 2005 Ritið Fjármálastöðugleiki kemur fyrst út.
- 2007 Lánasýsla ríkisins lögð niður og verkefnin færð til Seðlabankans samkvæmt samningi við ráðuneyti.
- 2008 Víðtæk fjármagnshöft sett í kjölfar falls bankanna í október 2008
- 2009 Breyting á lögum um Seðlabanka Íslands. Í stað þriggja manna bankastjórnar þar sem einn gegndi stöðu formanns kom einn seðlabankastjóri og

aðstoðarseðlabankastjóri. Fimm manna peningastefnunefnd, skipuð innri og ytri fulltrúum, falið ákvörðunarvald um beitingu stjórnþækja bankans í peningamálum.

- 2011 Seðlabanki Íslands fagnar fimmtíu ára afmæli.
- 2013 Lögum um Seðlabanka Íslands breytt þannig að bankinn fær skýrt hlutverk til að stuðla að fjármálastöðugleika.
- 2013 Ritið Fjármálainnviðir kemur fyrst út.
- 2014 Fjármálastöðugleikaráð stofnað. Það er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda um fjármálastöðugleika. Lagt niður 2020 við gildistöku nýrra laga um Seðlabanka Íslands sem fólu honum aukið vald á sviði fjármálastöðugleika.
- 2017: Fjármagnshöft losuð á heimili og fyrirtæki (voru losuð í nokkrum skrefum á árunum 2016-2021, en þegar árið 2017 voru heimili og fyrirtæki óbundin af fjármagnshöftum að langmestu leyti.)
- 2020 Ný lög um Seðlabanka Íslands taka gildi. Seðlabankinn fer frá þeim tíma með verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum. Þrjár fastanefndir fara með ákvörðunarvald á málefnasviðum Seðlabankans, nýjar nefndir eru fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd. Þrjár varaseðlabankastjórar skipaðir auk seðlabankastjóra, þ.e. varaseðlabankastjóri peningastefnu, fjármálastöðugleika og fjármálaeftirlits.
- 2021 Ritið Fjármálaeftirlit kemur fyrst út.